

Akureyri 15. júní 2022

Til bæjarstjórnar Akureyrar
c/o bæjarstjóri Ásthildur Sturludóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

AKUREYRARBÆR
Mótt.: 18.06.2021
Málsnr.: 2021061328
Lykill: 05-516

Frá Jóni Hjaltasyni
Byggðavegi 101B
600 Akureyri
s. 862-6515
netf. jonhjalta@simnet.is

Efni: Ritun ævisögu Sveins Þórarinssonar.

Sæll Kristján Þór

Það hefur lengi hvílt á mér að vita af þeim gersemum sem dagbækur Sveins Þórarinssonar eru án þess að gera neitt frekar í því að miðla efni þeirra áfram til fróðleiksþyrstra Íslendinga.

Og svo ég komi mér beint að erindinu langar mig að leita styrks og stuðnings hjá Norðurþingi til að rita sögu Sveins en hann fæddist í mars 1821 að Kílakoti í Kelduhverfi og dó í júlí 1869 á Akureyri. Eiginkona hans var Sigríður Jónsdóttir frá Vogum við Mývatn en meðal barna þeirra var hinn heimsfrægi barnabókahöfundur, Jón Sveinsson, Nonni.

Dagbækur Sveins ná yfir tímabilið frá 1. janúar 1836, þegar hann var á 15. aldursári, til 29. júní 1869. Ekki þó samfellt. Í þær vantar tímabilið 18. mars 1843 til 11. júlí 1846 og 7. september 1862 til 31. desember 1862.

Dagbækurnar eru næsta einstakar í sinni röð fyrir hversu ítarlegar þær eru um menn og málefni. Líka sambúð þeirra hjóna. Þannig varpa þær einstöku ljósi á lífsstríð forfeðra okkar og gefa ómetanlegt tækifæri til að segja sögu fólks, hárra sem lágra. Ég hef áður glímt við slíkt verkefni þegar ég gerði tilraun til að segja sögu Vestur-Íslendinga af sjónarholi skáldsins Káins og hafði ljóð hans að uppistöðu (ég læt þrjú eintök „tilraunarinnar“ fylgja með sem ég nefndi: Fæddur til að fækka tárum. Káinn. Ævi og ljóð).

Í hnottskurn er hugmynd míni þessi.

Áætlaður ritunartími: 44 mánuðir.

Sótt er um ritlaun til Norðurþings, Múlapings, Hörgársveitar og Akureyrarbæjar. Með hliðsjón af aðallega dvalartíma Sveins á hverjum stað er farið fram á átta vinnumánuði til Norðurþings, fjóra til Múlapings, tuttugu til Hörgársveitar og tólf til Akureyrarbæjar.

Umgjörð launa (verktakalaun eða annað) er að sjálfsögðu samningsatriði. Um upphæð mætti hugsanlega hafa hliðsjón af meðallaunum í landinu svo eitthvað sé nefnt og menn geri sér einhverja hugmynd um kostnað. Áskilið í samningi að veittur styrkur sé endurgreiddur verði misbrestur á handrits-skilum.

Virðingarfallst



Jón Hjaltason

Ögn um Svein Þórarinsson

Sveinn Þórarinsson fæddist 17. mars 1821 að Kílakoti í Kelduhverfi og dó 16. júlí 1869 á Akureyri. Foreldrar hans voru Þórarinn Þórarinsson, bóndi í Kílakoti, og Björg Sveinsdóttir, hagmælt skáldkona og bókhneigð.

Árið 1842 varð Sveinn skrifari hjá Sigfúsi Schulesen sýslumanni. Fjórum árum síðar er hann sestur að á Húsavík og er þar búðarmaður hjá Páli Johnsen faktor á milli þess sem hann heldur uppteknum hætti að skrifa bréf og skýrslur fyrir Schulesen sýslumann. Á Húsavík kynnist Sveinn ungfrú Sigríði Jónsdóttur sem síðar verður eiginkona hans.

Sumarið 1848 verða enn þáttaskil í lífi Sveins þegar hann flyst austur að Ketilsstöðum í Fljótsdal, ráðinn ritari hins skapríka Péturs Havstein. Aðeins tveimur árum síðar er Havstein settur amtmaður fyrir norðan og austan og flyst með allt sitt að Möðruvöllum í Hörgárdal. Á Möðruvöllum býr Sveinn nær óslitið þar til í júní 1865. En þá flyst hann í Nonnahús á Akureyri og þar andast hann í júlí 1869.

Sveinn giftist, eignast börn og missir, lendir í hringiðu sauðfjárláðans þegar allt fór á annan endann í samfélaginu, stríðir við yfirmann sem sturlast af sorg, hjónabandið er í hættu, fjárhagurinn fer versnandi (endar með gjaldþrotri) og sullaveiki leikur hann grátt. En sem ritari sýslumanna og amtmanns var Sveinn með fingur á slagæð samfélagsins. Viðfangsenfni dagbókanna er því í senn heimilislífið en einnig og ekki síður viðburðir í sveitunum í kring og landsmál sem komu inn á borð amtmanns